

Náttúrufræðistofnun
Urriðarholtsstræti 6-8
212 Garðabær



UMHVERFISSTOFNUN

Vestmannaeyjum 7. júní 2016
UST201604-127/P.V.B.
09.05.01

Efni: Umsókn um fararleyfi til Surtseyjar

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Borgþórs Magnússonar, Náttúrufræðistofnun Íslands, dagsett 18. apríl 2016 þar sem óskað er eftir fararleyfi til Surtseyjar fyrir árlegan leiðangur vísindamanna 18.-22. júlí 2016.

Surtsey var friðlýst árið 1965. Markmiðið með friðlýsingu Surtseyjar er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar og að tryggt verði að landnám plantna og dýra, framvinda lífríkis og mótun jarðmyndana verði með sem eðlilegustum hætti. Til þess að tryggja þetta er aðgangur manna að eyjunni takmarkaður. Til þess að fá að ganga í land í Surtsey eða kafa við eyjuna þarf að sækja um sérstakt leyfi til Umhverfisstofnunar. Samkvæmt auglýsingu friðlandsins nr. 50/2006 er heimilt að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna tengdum þeim.

Lýsing framkvæmdar:

Unnið verður að eftirfarandi verkefnum í leiðangrinum 2016: Mælingar á gróðri í föstum mælireitum, kortlagning á útbreiðslu háplantna, skordýra- og fuglarannsóknir, rannsóknir á líffræðilegri virkni gróðurs og jarðvegs í föstum mælireitum og jarðfræðirannsóknir, rannsóknnum á rótarsveppum og söfnun sýna sem komið var fyrir árið 2014 og við hald veðurstöðvar.

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti umrædda ferð og gildir leyfið fyrir eftirtalda aðila dagana 18.-22. júlí. Með í för verður starfsmaður friðlandsins Þórdís V. Bragadóttir.


Veitt er leyfi fyrir leiðangri eftirtalinnna vísindamanna:


- **Borgþór Magnússon, NÍ, leiðangursstjóri**, mælingar á gróðri í föstum mælireitum, almennar athuganir á plöntum og fuglum
- Pavel Wasowicz, NÍ, kortlagning á útbreiðslu háplantna, mælingar á gróðri í föstum mælireitum
- Erling Ólafsson, NÍ, söfnun og rannsóknir á skordýrum og fuglum,
- Matthías Alfreðsson, NÍ, söfnun og rannsóknir á skordýrum
- Bjarni D. Sigurðsson, LBHÍ, mælingar á virkni gróðurs og jarðvegs í föstum reitum, jarðvegsrannsóknir, viðhald á veðurstöð
- Hakan Wallander, Lundar-Háskóli, Svíþjóð, rannsóknir á rótarsveppum og söfnun á sýnatökum sem komið var fyrir í eyjunni 2014.
- Alf Ekblad, prófessor við Örebro-háskólann

Leiðangursmenn skulu gæta þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur, plöntuhlutur og jarðvegur berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins. Er það á ábyrgð leiðangursstjóra að tryggja að allir leiðangursmenn viti af þessu og sjái til þess að það sé gert.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að í Verndar- og stjórnunaráætlun Surtseyjar sem samþykkt var 2014 fer Umhverfisstofnun fram á að þeir vísindamenn og fjölmiðlamenn sem fá leyfi til að heimsækja Surtsey skili niðurstöðum sínum/lokaafurð (skýrslum, greinum og myndefni) án endurgjalds til Umhverfisstofnunar þar sem þær kunna að nýtast til fræðslu og kynningar á friðlandinu. Miða skal við að afhending niðurstaða/lokaafurðar eigi sér stað eigi síðar en ári eftir að ferð er farin. Ef um er að ræða árleg vöktunarverkefni eða rannsóknarverkefni sem stendur yfir í meira en eitt ár skal skila inn framvinduskýrslu árlega.

Virðingarfyllt


Sigrún Agústs dóttir
Sviðstjóri



Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur